

BORGARRÁÐ 7. nóvember 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ný LED auglýsingaskilti sem verið er að setja upp í borginni - R19110056

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hversu mörg LED auglýsingaskilti er verið að setja upp í borgarlandinu en búið er að koma fyrir einu slíku skilti við Strandveg í Grafarvogi. Athygli vekur að skiltið er staðsett við gönguþverun fyrir gangandi vegfarendur. Það liggur í hlutarins eðli að skiltið skapar mikla hættu, enda er markmiðið að það fangi athygli vegfarenda á ökutækjum. Óskað er eftir upplýsingum um hvar þessi nýju auglýsingaskilti eru staðsett í borgarlandinu og hvort að þessar staðsetningar hafi verið kynntar fyrir íbúum í nærumhverfi þeirra, hvar þau eru staðsett. Þá er jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvort auglýsingaskilti þessi séu undanþegin og/eða samrýmast samþykkt um skilti í Reykjavík en í drögum að samþykktinni segir „að til þess að koma í veg fyrir að skilti ógni öryggi vegfarenda eru ákvæði um fjarlægðir skilta frá gatnamótum og vegbrúnum, tíðni skiptinga á myndum, hámarks ljóma skiltis og fleira.“ Þá segir jafnframt í samþykktinni að skilti „sem eru undanþegin reglum þessum skulu engu að síður taka mið af ákvæðum reglanna varðandi birtustig, öryggi og staðsetningu.